

TIL: Byggingafulltrúinn í Garðabæ

Anna Guðrún Gylfadóttir

DAGS: 01.08.15

m i n n i s b l a ð

ÚTI

INNI

A R K I T E K T A R

BALDUR Ó. SVAVARSSON
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON

ARKITEKT FAÍ
ARKITEKT FAÍ

ÞINGHOLTSTRÆTI 27
SÍMI 552 7660 & 562 7660
E-mail ui@ui.is

101 REYKJAVÍK
FAX 552 7661
WWW.ui.is

VARÐAR: Urriðaholtsskóli 1.áfangi –

Hönnun og teikningaskil í áföngum.

Urriðaholtsskóli mun fullbyggður verða nær 11 þúsund fermetrar að stærð (með íþróttasal og sundlaug) og hýsa heildstæðan 640 nemenda grunnskóla 1-10 bekk og sambyggðan 120 barna leikskóla, með tilheyrandi starfsmannfjölda. Húsið er tvær hæðir og kjallari að hluta Þá verður þar einnig íþróttasalur og sundlaug með tilheyrandi aðstöðu, sambyggt skólanum. Byggingin verður staðsteypt og einangruð og klæddur að utan. Sjá nánar byggingarlýsingu á aðaluppdráttum.

Gert er ráð fyrir að skólinn verði byggður í þremur áföngum. Skólinn í tveimur, en 3.áfangi verði sambyggður íþróttasalur og kennslusundlaug.

Lagðir hafa verið inn aðaluppdrættir af 1. áfanga. Þar verða kennslurými á báðum hæðum ásamt leikskóla á jarðhæð og stjórnunarálmum á efri hæð. Í miðrými opin svæði og bókasafan á jarðhæð. Í kjallara verða inntaksrými, tæknirými, geymslur og lagnagangar. Ein fólkslyfta er í húsinu. Hönnunin hefur fengið samþykka yfirferð hjá Heilbrigðiseftirliti og Vinnueftirliti. Mannvirkið er brunahannað í samráði við SHS.

Af hagkvæmnissjónarmiðum var afráðið að skipta þessum 1. áfanga framkvæmdarlega í þrjú útboð auk jarðvinnunnar sem þegar hefur verið framkvæmd. Því er miðað er við að verkeikningar berist byggingafulltrúa í samræmi við þessi útboð og framkvæmdir skv. eftirfarandi:

- Útboð á uppsteypu hefur farið fram og miðast skil á teikningum við þær framkvæmdir. Sá verkþáttur er að hefjast. Þessum áfanga fylgja því auk aðaluppdrátta, allar burðarþolsteikningar hússins ásamt þeim lagnateikningum og raflagnateikningum í grunn sem til þarf fyrir þennan verkþátt. Þessar teikningar ásamt tilheyrandi gögnum s.s. brunahönnunarskýrslu, eru tilbúnar.
- Næsti áfangi útboða og teikningaskila er frágangur hússins að utan þ.e. einangrun og klæðning, frágangur glugga- og hurða utanhúss ásamt þakfrágangi og frágangi umgjardar loftræsibúnaðar utanhúss. Þessum áfanga fylgja því allar viðeigandi yfirlitsteikningar og frágangsdeili arkitekta. Áætlun gerir ráð fyrir þessum gögnum verði skilað til byggingafulltrúa í lok des. 2015.
- Loks verði innanhússfrágangur boðinn út - en framkvæmdur í áföngum. Þá verði endanlegum teikningum af innanhússfrágangi skilað, þ.e. fastar innréttingar, innihurðir og -gluggar, handrið, loftaplön o.s.frv. ásamt endanlegum frágangi neysluvatns-, hita- og loftræsilagna og raflagna og lýsingar. Áætlun gerir ráð fyrir þessum gögnum verði skilað til byggingafulltrúa í mars 2016.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Hönnunarteymi og fagstjórnun

Til upplýsingar er hér samhliða yfirlit yfir hönnunarteymið sem stendur að heildarhönnun skólans og fagstjóra einstakra hönnunarpáttar :

Arkitektar og hönnunarstjórn:

Fagstjóri arkitekta og hönnunarsjóri:

Burðarþol verkfræðiráðgjöf:

Fagstjóri burðarþols :

Lagnir og loftræsing verkfræðiráðgjöf:

Fagstjóri lagna:

Fagstjóri loftræsingar:

Raflagnir verkfræðiráðgjöf:

Fagstjóri raflagnahönnunar:

Landslagshönnun:

Fagstjóri lóðahönnunar:

Brunahönnun:

Hljóðvistarhönnun:

BREAM vottun

Úti og Inni sf arkitektar:

Baldur Ó. Svavarsson arkitekt

VEB verkfræðistofu

Erlendur Birgisson verkfræðingur

Lagnatækni ehf.

Friðrik Kristinsson tæknifræðingur

Friðrik Kristinsson verkfræðingur

Verkhönnun ehf.

Magnús Þórðarson rafverkfræðingur

Landform ehf

Oddur Hermannsson landslagsarkitekt

Sigurður Bjarni Gíslason verkfræðingur **VSI ehf.**

Gunnar Pálsson verkfræðingur **Önn ehf**

Kristín Þórðardóttir rafmagnsverkfræðingur **Verkhönnun ehf.**

Verkkaupi:

Umsónarmaður verkkaupa:

Bæjarsjóður Garðabæjar.

Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur

Jón Pálmi Guðmundsson hjá Urriðaholti ehf

Með kveðjum f.h. Úti og Inni sf.

Baldur Ó. Svavarsson arkitekt FAÍ, SAMARK.